

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald, kr. 103,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b) Vatnsgjald kr. 262,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils sem skiptist þannig:
- | | |
|----------------------|------------|
| Flutningsgjald | kr. 87,20 |
| Heitt vatn | kr. 174,00 |

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss:

Heimæðar-
gjald

(utanmál) m³

Allt að 600 m³ kr. 56 900,00.

600— 2 000 m³ kr. 56 900,00 fyrir 600 m³ + kr. 35,30 pr. m³ þar yfir.

2 000— 6 000 m³ kr. 106 000,00 fyrir 2 000 m³ + kr. 30,60 pr. m³ þar yfir.

6 000—10 000 m³ kr. 228 000,00 fyrir 6 000 m³ + kr. 26,60 pr. m³ þar yfir.

Meira en 10 000 m³ kr. 334 000,00 fyrir 10 000 m³ + kr. 23,30 pr. m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 750,00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 338,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.